

Alþingi
Erindi nr. P 135/1421
komudagur 13.2.2008



Nefndasvið Alþingis – iðnaðarnefnd
b.t. Eiríks Áka Eggertssonar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. febrúar 2008
Málanr. 1951-07-1690

Efni: Athugasemdir við frumvarp til laga um upprunaábyrgð á raforku (271. mál)

Með vísan til erindis iðnaðarnefndar Alþingis, dags. 17. janúar 2008, varðandi frumvarp til laga um upprunaábyrgð á raforku (271. mál), fara hér á eftir athugasemdir Landsnets hf. við frumvarpið. Landsnet hf. telur frumvarpið vel undirbúið í þeirri mynd sem það hefur verið lagt fyrir Alþingi.

1. Enn er ekki fullkomið samræmi í tilvísunum til "rafmagns" og "raforku" í frumvarpinu, sbr. 3. mgr. 4. gr. þar sem segir "framleiðandi rafmagns" en að öðru leyti er hugtakið "raforka" notað í frumvarpinu. Rétt er að hafa samræmda hugtakanotkun í frumvarpinu.
2. Í 4. mgr. 4. gr. frumvarpsins er vísað til "ábyrgðarskírteinis" án þess að það hafi áður verið skilgreint eða sett í samhengi við notkun hugtaksins "upprunaábyrgð" sem er skilgreint í 2. gr. frumvarpsins. Lagt er til að hugtakið upprunaábyrgð verði notað í stað ábyrgðarskírteinis því ella er hættu á misskiiningi.
3. Ekki verður séð hvaða þýðingu 10. gr. frumvarpsins hefur þar sem vísað er til þess að verið sé að innleiða ákvæði tilskipunar. Lagt er til að nefnt ákvæði fari út enda ekki um efnislegt lagaákvæði að ræða sem áhrif hefur sem slíkt. Hugsanlegt væri að hafa skýringu í upphafi laganna þar sem þetta er nefnt.
4. Lagt er til að sett verði inn í lögin ákvæði er hefur að geyma annað hvort reglugerðarheimild eða heimild til handa Landsneti hf. til að setja frekari reglur um upprunaábyrgð á raforku, enda má gera ráð fyrir að útfæra þurfi reglurnar frekar en lögin gera ráð fyrir.



5. Eins og Landsnet hf. hefur áður bent á er gengið út frá því að stjórnsýslulög eigi ekki við um starfsemi Landsnets hf. vegna upprunaábyrgða á raforku. Óskað er staðfestingar á því að þetta sé réttur skilningur. Í þessu sambandi þyrfti sérstaklega að taka á því ef möguleiki á að vera á því að skjóta ákvörðunum Landsnets hf. til æðri úrskurðaraðilla.

Virðingarfyllt,
f.h. Landsnets hf.

Þórður Guðmundsson
forstjóri